

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


*Alþingi
Erindi nr. P/38/2266
komudagur 14.5.2010*

Reykjavík 14. maí 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, 589. mál.

Sjómannasamband Íslands styður þær breytingar á lögnum um umgengni um nytjastofna sjávar sem hér eru lagðar til. Ýmsir aðilar eru háðir því að upplýsingar úr svonefndum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum liggi sem fyrst fyrir. Sem dæmi má nefna að úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna notar þessar upplýsingar til að ákvarða fiskverð í viðskiptum milli skyldra aðila. Auk þess nota samtök sjómanna þessar upplýsingar til að yfirfara uppgjör til sjómanna þegar sjómenn fá ekki greidd laun sín eða þegar grunur leikur á að ekki sé rétt gert upp við þá. Sá tími sem líður frá því að afla er landað og honum ráðstafað þar til upplýsingum er skilað til Fiskistofu hefur sífellt verið að lengjast. Hefur þessi töf í upplýsingagjöf til Fiskistofu komið sér afar illa fyrir samtök sjómanna. Sama á við um aðra aðila sem nota þessar upplýsingar. Að mati Sjómannasambands Íslands er því orðið löngu tímabært að taka á þessu vandamáli.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson